

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá um greiðslur fyrir aukaverk presta þjóðkirkjunnar nr. 668 9. september 2003.

#### 1. gr.

3. gr. gjaldskrárinnar hljóði svo:

Ef prestur er sérstaklega kvaddur til að vinna aukaverk, greiðir sá ferðakostnað prestins er beiðist verksins, samkvæmt reglum um greiðslu ferðakostnaðar ríkisstarfsmanna og í samræmi við þau viðmið sem fram koma í þessari grein. Ber presti að upplýsa greiðendur fyrirfram um aksturskostnaðinn. Viðkomandi kirkjugarður greiðir þó aksturskostnað vegna kistulagninga, útfara og frágangs duftkerja, sbr. lið c) og d).

- a) Akstur vegna skírnar eða hjónavígslu innan prestakalls í þéttbýli sé að hámarki 12 km.
  - b) Akstur vegna skírnar eða hjónavígslu innan prestakalls í dreifbýli sé að hámarki 30 km.
  - c) Akstur vegna greftrunar í þéttbýli sé 12 km. Við bætast 12 km ef kistulagning er sérstök athöfn og ennfremur ef prestur kemur að frágangi duftkers í grafreit.
  - d) Aksturskostnaður vegna greftrunar í dreifbýli sé að hámarki 1/3 af kostnaði vegna þóknunar prests skv. gjaldskrá, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 9/1994.
- Eigi er heimilt að innheimta aksturskostnað vegna fermingarstarfa.

#### 2. gr.

Breyting þessi sem sett er með stoð í lögum nr. 36/1931 um embættiskostnað og aukaverk presta öðlast þegar gildi og gildir til og með 30. september 2013.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. desember 2003.*

**Björn Bjarnason.**

\_\_\_\_\_  
*Hjalti Zóphóníasson.*